

## **Umboðsmaður Alþingis**

**00 610**

### **Ársreikningur 2020**

#### **Efnisyfirlit**

**Bls.**

|                                    |               |
|------------------------------------|---------------|
| Áritun endurskoðanda .....         | <b>2</b>      |
| Skýrsla og áritun stjórnenda ..... | <b>3</b>      |
| Yfirlit um afkomu ársins .....     | <b>4</b>      |
| Efnahagsreikningur .....           | <b>5</b>      |
| Sjóðstreymsyfirlit .....           | <b>6</b>      |
| Skýringar .....                    | <b>7 - 11</b> |

# ÁRITUN ÓHÁÐS ENDURSKOÐANDA

Til forseta Alþingis

## Álit

Ég hef endurskoðað meðfylgjandi ársreikning umboðsmanns Alþingis fyrir árið 2020. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnenda, yfirlit um afkomu ársins, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit mitt að ársreikningurinn gefi glöggja mynd af afkomu umboðsmanns Alþingis á árinu 2020, efnahag 31.desember 2020 og breytingu á handbæru fé á árinu 2020, í samræmi við lög sem um stofnunina gilda.

## Grundvöllur fyrir áliti

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla fyrir opinbera aðila. Ábyrgð míin samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér fyrir neðan. Ég er óháður umboðsmanni Alþingis í samræmi við settar siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og hef uppfyllt ákvæði þeirra. Ég tel að við endurskoðunina hafi verið aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit mitt á.

## Ábyrgð stjórnenda á ársreikningum

Stjórnendur skrifstofu umboðsmanns Alþingis eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um opinber fjármál og lög um ársreikninga. Stjórnendur eru einnig ábyrgir fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

## Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins


Markmið endurskoðanda er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit endurskoðandans. Nægjanleg vissa er mikil vissa, en ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla fyrir opinbera aðila muni uppgötva allar verulegar skekkjur, séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun míin er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla fyrir opinbera aðila og byggir á faglegri dómgreind og gagnrýni.

Endurskoðandi upplýsir stjórnendur umboðsmanns Alþingis um áætlað umfang endurskoðunarinnar og um mikilvæg atriði sem kunna að koma upp við endurskoðunina, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

Kópavogi 30. apríl 2021

Árni Tómasson, endurskoðandi.



## Skýrsla og áritun stjórnenda

Umboðsmaður Alþingis er ríkisaðili í A-hluta sem starfar á grundvelli sérlaga. Hlutverk stofnunarinnar samkvæmt lögum er að hafa eftirlit með stjórnsýslu ríkis og sveitafélaga.

Starfsemi stofnunarinnar fellur undir málefnavnið 01 og málauflokk 20 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2020 var ársveltan kr. 297,5 milljónir og afkoma kr. -14,1 milljón. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 16,1 milljón í árslok og eignir samtals kr. 67,3 milljónir.

Ársverk hjá skrifstofu umboðsmanns Alþingis á árinu 2020 voru 17,3. Heildarauna kostnaður að viðbættum launatengdum gjöldum nam kr. 272 milljónum.

Það er álit okkar að ársreikningur 2020 gefi glöggja mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárvöldu umboðsmanns Alþingis í samræmi við lög um opinber fjármál og lög um ársreikninga.

Forstöðumaður og rekstrarstjóri staðfesta hér með ársreikning umboðsmanns Alþingis fyrir árið 2020 með undirritun sinni.

Reykjavík, 30. apríl 2021



Tryggi Gunnarsson

Umboðsmaður Alþingis



Ingibjörg Þóra Sigurjónsdóttir

Rekstrarstjóri

## Yfirlit um afkomu ársins 2020

|   | Skýr | 2020                | 2019               |
|---|------|---------------------|--------------------|
| <b>Rekstrartekjur</b>                     |      |                     |                    |
| Framlag ríkissjóðs .....                  | 2    | 294.200.000         | 280.300.000        |
| Tekjufærsla frestaðra tekna .....         | 2    | 3.298.201           | 2.707.007          |
| <b>Rekstrartekjur samtals</b>             |      | <b>297.498.201</b>  | <b>283.007.007</b> |
| <b>Rekstrargjöld</b>                      |      |                     |                    |
| Laun og launatengd gjöld .....            | 3    | 274.170.886         | 238.072.033        |
| Annar rekstrarkostnaður .....             | 4    | 34.155.737          | 51.351.544         |
| Afskriftir .....                          | 5    | 3.298.201           | 2.707.007          |
| <b>Rekstrargjöld samtals</b>              |      | <b>311.624.824</b>  | <b>292.130.584</b> |
| <b>Afkoma fyrir fjármagnsliði</b>         |      | <b>(14.126.623)</b> | <b>(9.123.577)</b> |
| <b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)</b> |      |                     |                    |
| Vaxtatekjur .....                         |      | 0                   | 236                |
| Vaxtagjöld .....                          |      | (2.349)             | (6.707)            |
|   |      | <b>(2.349)</b>      | <b>(6.471)</b>     |
| <b>Afkoma ársins</b>                      |      | <b>(14.128.972)</b> | <b>(9.130.048)</b> |

Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

## Efnahagsreikningur 31. desember 2020

|  | Skýr | 31.12.2020        | 31.12.2019        |
|--|------|-------------------|-------------------|
| <b>Eignir</b>                                      |      |                   |                   |
| <b>Fastafjármunir</b>                              | 6    |                   |                   |
| Áhöld, tæki og búnaður .....                       |      | 15.828.557        | 15.388.013        |
| Aðrar eignir .....                                 |      | 880.000           | 880.000           |
| <b>Fastafjármunir samtals</b>                      |      | <b>16.708.557</b> | <b>16.268.013</b> |
| <b>Veltufjármunir</b>                              |      |                   |                   |
| Krafa á ríkissjóð vegna orlofsskuldbindingar ..... |      | 22.279.658        | 22.279.658        |
| Greiðslustaða við ríkissjóð .....                  |      | 25.005.665        | 32.827.717        |
| Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður .....  | 7    | 848.123           | 766.005           |
| Handbært fé .....                                  |      | 2.451.036         | 4.663.552         |
| <b>Veltufjármunir samtals</b>                      |      | <b>50.584.482</b> | <b>60.536.932</b> |
| <b>Eignir samtals</b>                              |      | <b>67.293.039</b> | <b>76.804.945</b> |
| <b>Eigið fé og skuldir</b>                         |      |                   |                   |
| <b>Eigið fé</b>                                    | 8    |                   |                   |
| Hrein eign .....                                   |      | 16.093.000        | 30.221.972        |
| <b>Eigið fé samtals</b>                            |      | <b>16.093.000</b> | <b>30.221.972</b> |
| <b>Skuldir</b>                                     |      |                   |                   |
| Skammtímaskuldir:                                  |      |                   |                   |
| Viðskiptaskuldir .....                             |      | 680.176           | 1.902.493         |
| Ýmsar skammtímaskuldir .....                       | 9    | 33.340.260        | 28.802.676        |
| Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda .....    | 10   | 17.179.603        | 15.877.804        |
| <b>Skuldir samtals</b>                             |      | <b>51.200.039</b> | <b>46.582.973</b> |
| <b>Eigið fé og skuldir samtals</b>                 |      | <b>67.293.039</b> | <b>76.804.945</b> |
| <b>Aðrar upplýsingar</b>                           | 11   |                   |                   |

Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

## Sjóðstreymsfirlit ársins 2020

|  | Skýr                      | 2020                    | 2019 |
|--|---------------------------|-------------------------|------|
| <b>Rekstrarhreyfingar</b>                                |                           |                         |      |
| Hreint veltufé frá rekstri:                              |                           |                         |      |
| Afkoma ársins .....                                      | (14.128.972)              | (9.130.048)             |      |
| Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstremi:          |                           |                         |      |
| Afskriftir .....   | 5      3.298.201          | 2.707.007               |      |
| Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára .....              | 2      (3.298.201)        | (2.707.007)             |      |
|  | <u>(14.128.972)</u>       | <u>(9.130.048)</u>      |      |
| Breyting rekstrartengdra eigna og skulda:                |                           |                         |      |
| Greiðslustaða við ríkissjóð .....                        | 7.822.052                 | 1.264.820               |      |
| Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður .....        | (82.118)                  | 1.181.152               |      |
| Skammtímaskuldir að frádeginni frestun tekjufærslu ..... | 3.315.267                 | 7.713.309               |      |
|  | <u>11.055.201</u>         | <u>10.159.281</u>       |      |
| <b>Handbært fé (til rekstrar)/ frá rekstri</b>           | <b><u>(3.073.771)</u></b> | <b><u>1.029.233</u></b> |      |
| <b>Fjárfestingarhreyfingar</b>                           |                           |                         |      |
| Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna .....               | 6      (3.738.745)        | (5.634.601)             |      |
|  | <u>(3.738.745)</u>        | <u>(5.634.601)</u>      |      |
| <b>Fjármögnunarhreyfingar</b>                            |                           |                         |      |
| Fjárfestingarframlag .....                               | 2      4.600.000          | 4.500.000               |      |
|  | <u>4.600.000</u>          | <u>4.500.000</u>        |      |
| <b>Hækjun (lækkun) á handbæru fé</b>                     |                           |                         |      |
| Handbært fé í byrjun árs .....                           | (2.212.516)               | (105.368)               |      |
|  | <u>4.663.552</u>          | <u>4.768.920</u>        |      |
| <b>Handbært fé í árslok</b>                              | <b><u>2.451.036</u></b>   | <b><u>4.663.552</u></b> |      |

Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymsfirlits.

# Skýringar

## 1. Yfirlit um helstu reikningsskilaðferðir

### Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál nr. 123/2015, en samkvæmt þeim gilda lög um ársreikninga nr. 3/2006. Auk þess er tekið mið af ákvörðunum reikningsskilaráðs ríkisins, sem skipað er í samræmi við ákvæði 63. gr. laga um opinber fjármál, ákvæða í IPSAS (International Public Sector Accounting Standards) auk reglugerðar um framsetningu og innihald ársreikninga nr. 696/2019 eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins.

Við skráningu viðskipta er stuðst við kostnaðarverðsreglu. Um mat á virði eigna, skulda, tekna og gjalda gilda viðeigandi lagafyrirmæli og almennar reikningsskilareglur.

### Innlausn tekna

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

### Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

### Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur af almennum bankainnstæðum færast hjá ríkissjóði.

### Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Ef eignar er aflað á verði sem víkur verulega frá gangvirði, er viðkomandi eign færð við gangvirði í efnahagsrekningi og mismunurinn til tekna eða gjalda í yfirliti um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar linulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörsdegi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld, tæki og búnaður ..... 3-10 ár

Aðrar eignir ..... óafskrifad/10 ár

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Hagnaður eða tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söludegi og er hluti af afkomu ársins.

Kostnaður vegna viðhalðs er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað að hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

# Skýringar, frh.

## Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum stofnunarinnar.

## Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess er fært í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

## Skuldir

Skuldir aðrar en frestun tekjufærslu fjárfestingaheimilda eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Um frestun tekjufærslu fjárfestingaheimilda er vísað til skýringar nr. 10.

## Tengdir aðilar

Tengdir aðilar eru ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.  
Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

## Samanburðarfjárhæðir

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á fram-

## Sundurliðanir og skýringar

|   | 2020               | 2019               |
|---|--------------------|--------------------|
| <b>2 Tekjufærsla fjárveitinga</b>               |                    |                    |
| Heildarfjárveiting á fjárlögum .....            | 298.800.000        | 284.800.000        |
| Fjárveiting til fjárfestinga .....              | (4.600.000)        | (4.500.000)        |
| Fjárveiting ársins til rekstrar .....           | 294.200.000        | 280.300.000        |
| Reiknuð tekjufærsla frestaðra tekna .....       | 3.298.201          | 2.707.007          |
|   | <b>297.498.201</b> | <b>283.007.007</b> |
| <b>3 Laun og launatengd gjöld</b>               |                    |                    |
|   | 2020               | 2019               |
| Laun .....                                      | 221.622.057        | 190.255.455        |
| Orlof, breyting .....                           | 4.574.734          | 6.948.949          |
| Launatengd gjöld .....                          | 45.843.241         | 39.266.983         |
| Starfsmannakostnaður .....                      | 2.130.854          | 1.600.646          |
|   | <b>274.170.886</b> | <b>238.072.033</b> |
| Meðalfjöldi stöðugilda .....                    | 17,3               | 15,8               |
| <b>4 Annar rekstrarkostnaður</b>                |                    |                    |
|   | 2020               | 2019               |
| <b>Húsnæðiskostnaður</b>                        |                    |                    |
| Mannvirkjagerð .....                            | 122.250            | 946.506            |
| Viðhald, aðkeypt vinna og efni .....            | 809.358            | 13.174.379         |
| Viðhald, efni og búnaður .....                  | 0                  | 1.575.300          |
| Leigugjöld .....                                | 729.030            | 106.000            |
| Fasteignagjöld .....                            | 5.164.700          | 5.115.495          |
| Öryggisgæsla .....                              | 1.879.426          | 1.807.508          |
| Rafmagn og hiti .....                           | 1.139.925          | 864.594            |
| Ræsting og hreinlætisvörur .....                | 1.408.856          | 1.346.929          |
| Tryggingar .....                                | 167.911            | 160.560            |
|   | <b>11.421.456</b>  | <b>25.097.271</b>  |
| <b>Skrifstofukostnaður</b>                      |                    |                    |
| Aðkeypt sérfraðiþjónusta .....                  | 3.608.497          | 4.360.858          |
| Önnur aðkeypt þjónusta .....                    | 347.380            | 608.732            |
| Hugbúnaður og rekstur upplýsingakerfa .....     | 6.292.821          | 5.370.436          |
| Viðhald og endurnýjun áhalda og búnaðar .....   | 870.161            | 1.495.245          |
| Símakostnaður og afnotagjöld .....              | 1.348.799          | 1.234.672          |
| Bækur, blöð, ritföng og rekstrarvörur .....     | 2.448.700          | 2.647.776          |
| Auglýsingar, útgáfa og kynningarstarfsemi ..... | 255.676            | 911.194            |
| Ferðakostnaður .....                            | 620.974            | 1.809.437          |
| Fundir, ráðstefnur og námskeið .....            | 351.237            | 253.711            |
| Aðkeyptur akstur .....                          | 467.625            | 971.830            |
| Fæðiskostnaður .....                            | 4.195.316          | 4.071.144          |
| Móttaka gesta og gjafir .....                   | 50.280             | 871.477            |
| Pósburðargjöld .....                            | 915.064            | 808.299            |
| Þvottur, grímur og sorphreinsun .....           | 662.564            | 597.460            |
| Annar skrifstofukostnaður .....                 | 299.187            | 242.002            |
|   | <b>22.734.281</b>  | <b>26.254.273</b>  |
| Annar rekstrarkostnaður samtals                 | <b>34.155.737</b>  | <b>51.351.544</b>  |

## Sundurliðanir og skýringar, frh.

| <b>5 Afskriftir</b>                         | <b>2020</b>      | <b>2019</b>      |
|---|------------------|------------------|
| Áhöld, húsgögn, skrifstofuvélar o.p.h. .... | 3.287.774        | 2.707.007        |
| Sölutap og úreltar eignir .....             | 10.427           | 0                |
|   | <u>3.298.201</u> | <u>2.707.007</u> |

| <b>6 Varanlegir rekstrarfjármunir</b> | <b>31.12.2020</b> | <b>31.12.2019</b> |
|---------------------------------------|-------------------|-------------------|
|---------------------------------------|-------------------|-------------------|

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

|                              |                   |                   |
|------------------------------|-------------------|-------------------|
| Áhöld, tæki og búnaður ..... | 15.828.557        | 15.388.013        |
| Aðrar eignir .....           | 880.000           | 880.000           |
|                              | <u>16.708.557</u> | <u>16.268.013</u> |

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2020:

|                              | <b>Áhöld, tæki<br/>og búnaður</b> | <b>Aðrar eignir</b> | <b>Samtals</b>    |
|------------------------------|-----------------------------------|---------------------|-------------------|
| Staða 1.1.2020 .....         | 26.454.593                        | 909.800             | 27.364.393        |
| Viðbætur á árinu .....       | 3.738.745                         | 0                   | 3.738.745         |
| Selt/niðurfært á árinu ..... | (2.190.422)                       | 0                   | (2.190.422)       |
|                              | <u>28.002.916</u>                 | <u>909.800</u>      | <u>28.912.716</u> |
| Afskriftir 1.1.2020 .....    | 11.066.580                        | 29.800              | 11.096.380        |
| Selt/niðurfært á árinu ..... | (2.179.995)                       | 0                   | (2.179.995)       |
| Afskrift ársins .....        | 3.287.774                         | 0                   | 3.287.774         |
|                              | <u>12.174.359</u>                 | <u>29.800</u>       | <u>12.204.159</u> |
| Staða 31.12.2020 .....       | <u>15.828.557</u>                 | <u>880.000</u>      | <u>16.708.557</u> |

| <b>7 Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður</b> | <b>31.12.2020</b> | <b>31.12.2019</b> |
|--|-------------------|-------------------|
| Fyrirframgreiddur kostnaður .....                    | 374.609           | 78.441            |
| Virðisaukaskattskrafa .....                          | 575.625           | 681.401           |
| Viðskiptareikningur við tengda aðila .....           | (102.111)         | 6.163             |
|  | <u>848.123</u>    | <u>766.005</u>    |

## 8 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárréikningum

| <b>Hrein eign</b>    | <b>2020</b>       | <b>2019</b>       |
|----------------------|-------------------|-------------------|
| Jöfnuður 1.1. ....   | 30.221.972        | 39.352.020        |
| Afkoma ársins .....  | (14.128.972)      | (9.130.048)       |
| Jöfnuður 31.12. .... | <u>16.093.000</u> | <u>30.221.972</u> |

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eigin fjár yfir á næsta ár er háð samþykki fjármála- og efnahagsráðuneytis. Er þar byggt á reglum sem ráðuneytið setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál og að höfðu samráði við viðkomandi stofnun. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisréikningi 2020.

## Sundurliðanir og skýringar, frh.

| 9 Ýmsar skammtímaskuldur | 31.12.2020        | 31.12.2019        |
|--------------------------|-------------------|-------------------|
| Ógreitt orlof .....      | 33.336.239        | 28.761.505        |
| Ógreidd laun .....       | 4.021             | 41.171            |
|                          | <u>33.340.260</u> | <u>28.802.676</u> |

## 10 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignanna í formi afskrifta. Til mótvægis við eignfærsluna er færður liður, Frestun tekjufærslu fjárfestingsheimilda, sem endurspeglar fjármögnum ríkisins á viðkomandi eignum. Skuldaliður þessi færst til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða fellur niður við sölu eignanna nema söluandvirði verði notað til endurfjárfestingar.

Samspil framangreindra þátta greinist þannig:

|  | 31.12.2020        | 31.12.2019        |
|--|-------------------|-------------------|
| Fjárheimild til fjárfestinga sem búið er að nýta .....                       | 16.708.557        | 16.268.013        |
| Ónotuð fjárfestingsheimild/(ráðstafað til fjárfestinga umfram heimild) ..... | 471.046           | (390.209)         |
| Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga .....                      | <u>17.179.603</u> | <u>15.877.804</u> |

|   | Nýtt fjár-heimild til fjf. | Ónýtt(ofnýtt) fjárheimild | Samtals frestun tekjufærslu |
|---|----------------------------|---------------------------|-----------------------------|
| Staða 1.1.2020 .....                              | 16.268.013                 | (390.209)                 | 15.877.804                  |
| Fjárveiting til fjárfestinga skv. fjárlögum ..... | 0                          | 4.600.000                 | 4.600.000                   |
| Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum .....  | 3.738.745                  | (3.738.745)               | 0                           |
| Reiknuð tekjufærsla frestaðra tekna .....         | (3.298.201)                | 0                         | (3.298.201)                 |
|   | <u>16.708.557</u>          | <u>471.046</u>            | <u>17.179.603</u>           |

## 11 Aðrar upplýsingar

### Húsnæði

Samkvæmt ákvörðun Alþingis hefur umboðsmaður Alþingis afnot af húsnæðinu Templarasund 5, Reykjavík vegna starfsemi sinnar án sérstaks endurgjalds, en tekur að sér allan rekstarakostnað tengdan húsnæðinu.

### Skuldbindandi samningar

Stofnunin hefur gert skuldbindandi þjónustusamninga um rekstur og vörslu hugbúnaðarkerfa, ótímbundið. Árlegar greiðslur vegna þjónustusamninga eru kr. 1.487 þúsund.

### Veðsetningar

Engar veðsetningar eru áhvílandi á eignum stofnunarinnar í árslok 2020.

### Veittar ábyrgðir

Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

### Lifeyriskuldbindingar

Lifeyrisskuldbindingar eru áhvílandi vegna núverandi og fyrrverandi starfsmanna skrifstofu umboðsmanns Alþingis. Þessar lifeyrisskuldbindingar eru færðar hjá ríkissjóði fyrir allar ríkisstofnanir í A-hluta.

### Atburðir eftir reikningsskiladag

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á frjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.